

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 10/2011

2012/EES/24/09

frá 14. janúar 2011

um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

- 2) Þessi reglugerð er sértæk ráðstöfun í skilningi 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Með þessari reglugerð skal koma á sértækum reglum um örugga notkun efniviðar og hluta úr plasti og fella úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB frá 6. ágúst 2002 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (?).

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ⁽¹⁾, einkum a-, c-, d-, e-, f-, h-, i- og j-lið 1. mgr. 5. gr.,

- 3) Í tilskipun 2002/72/EB eru settar fram grundvallarreglur um framleiðslu efniviðar og hluta úr plasti. Þeirri tilskipun hefur sex sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Til glöggvunar skal gera samsteypa útgáfu af textanum og fjarlægja óþarfa og úrelta hluta hans.

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 er mælt fyrir um almennar meginreglur í þeim tilgangi að jafna þann mun sem er á lögum aðildarríkjanna að því er varðar efnivið sem kemst í snertingu við matvæli. Í 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að samþykkja skuli sértækar ráðstafanir fyrir flokka efniviðar og hluta og þar er lýst ítarlega málsmeðferðinni við veitingu leyfa fyrir efnunum á vettvangi Evrópusambandsins þegar sértæk ráðstöfun nær yfir skrá yfir leyfð efni.

- 4) Tilskipun 2002/72/EB og breytingar á henni hafa áður verið leiddar í landslög án verulegrar aðlögunar. Yfirleitt er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að innleiðing í landslög taki tólf mánuði. Ef um er að ræða breytingar á skráum yfir einliður og aukefni í þeim tilgangi að veita leyfi fyrir nýjum efnunum verður þessi innleiðingartími til þess að leyfisveitingin tefst og hægir þar með á nýsköpun. Því þykir rétt að samþykkja reglur um efnivið og hluti úr plasti í formi reglugerðar sem gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 14.

(¹) Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

(²) Stjtið. EB L 220, 15.8.2002, bls. 18.

- 5) Tilskipun 2002/72/EB gildir um efnivið og hluti, sem eru einungis úr plasti, og um plastþéttingar í lokum. Áður fyrr var plast helst notað í þessum tilgangi á markaðinum. Síðastliðin ár hefur plast þó einnig verið notað í samsetningum með öðrum efnum í svokölluð marglaga fjölefni (e. multi-material multi-layers), auk efniviðar og hluta sem eru einungis úr plasti. Reglur um notkun vínýlklórídeinliða, sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 78/142/EBE frá 30. janúar 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem innihalda vínýlklórídeinliður og ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽¹⁾, gilda nú þegar um allt plast. Því virðist viðeigandi að víkka út gildissvið þessarar reglugerðar þannig að hún nái yfir plastlög í marglaga fjölefni.
- 6) Efniviður og hlutir úr plasti geta verið settir saman úr plasti í mismunandi lögum sem er haldið saman með lími. Einnig er hægt að prenta á efnivið og hluti úr plasti eða húða þá með lífrænu eða ólífrænu húðunarefni. Efniviður eða hlutir úr plasti, sem eru áprentaðir eða húðaðir, sem og þeir sem er haldið saman með lími, skulu falla undir gildissvið reglugerðarinnar. Ekki er víst að límefni, húðunarefni og prentlitir séu úr sömu efnum og plast. Í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 er gert ráð fyrir því að samþykkja megí sértækar ráðstafanir að því er varðar límefni, húðunarefni og prentliti. Ef efniviður og hlutir úr plasti eru áprentaðir eða húðaðir eða ef þeim er haldið saman með lími skal áprentun, húð eða límlag þeirra því mega innihalda önnur efni en þau sem eru leyfð fyrir plast á vettvangi Evrópusambandsins. Þessi lög kunna að heyra undir aðrar Evrópusambandsreglur eða landsreglur.
- 7) Plast, sem og jónaskiptaresín, gúmmí og sílíkon, eru efni úr stórsameindum sem fást með fjölliðun. Í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 er gert ráð fyrir að unnt verði að samþykkja sértækar ráðstafanir að því er varðar jónaskiptaresín, gúmmí og sílíkon. Þar eð þessi efniviður er ekki samsettur úr sömu efnum og plast og hefur aðra eðlisefnafræðilega eiginleika þurfa sértækar reglur að gilda um hann og skal það tekið fram að hann fellur ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 8) Plast er búið til úr einliðum og öðrum grunnefnum sem með efnahvörfum mynda stórsameind, fjölliðu, sem er aðalbyggingarefni plastsins. Aukefnum er bætt við fjölliðuna til að ná fram skilgreindum, tæknilegum áhrifum. Sjálf fjölliðan er hvarftreg og með mikla mólþyngd. Þar eð líkaminn getur að öllu jöfnu ekki tekið upp efni með mólþyngd yfir 1000 Da er hugsanleg heilbrigðisáhætta af sjálfri fjölliðunni hverfandi lítil. Hugsanleg heilbrigðisáhætta getur stafað af einliðum, sem hafa ekki hvarfast nema að hluta eða alls ekki, eða öðrum grunnefnum eða aukefnum með litla mólþyngd sem berast í matvæli með flæði úr efniviði úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli. Því skulu einliður, önnur grunnefni og aukefni ekki notuð í framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti fyrr en þau hafa verið áhættumetin og leyfð.
- 9) Áhættumat á efni, sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) á að framkvæma, skal ná yfir efnið sjálft, óhreinindi sem skipta máli og fyrirsjáanleg myndefni og niðurbrotsefni við fyrirhugaða notkun þess. Áhættumatið skal taka til hugsanlegs flæðis við verstu notkunarskilyrði, sem unnt er að sjá fyrir, og til eiturhrifa. Á grundvelli áhættumatsins skal, ef nauðsyn krefur, setja fram í leyfinu forskriftir fyrir efnið og takmarkanir á notkun, magn-takmarkanir eða flæðimörk til að tryggja öryggi fullunna efniviðarins eða hlutarins.
- 10) Enn hafa engar reglur verið settar á vettvangi Evrópusambandsins að því er varðar áhættumat á litgjöfum og notkun þeirra í plasti. Því skal notkun þeirra heyra áfram undir landslög. Þessi staða skal endurmetin síðar.
- 11) Ætlast er til að þess leysar, sem eru notaðir eru við framleiðslu á plasti til að skapa hentug skilyrði fyrir efnahvörf, séu fjarlægðir í framleiðsluferlinu vegna þess að þeir eru yfirleitt rokgjarnir. Enn hafa engar reglur verið settar á vettvangi Evrópusambandsins að því er varðar áhættumat á leysum og notkun þeirra við framleiðslu á plasti. Því skal notkun þeirra heyra áfram undir landslög. Þessi staða skal endurmetin síðar.
- 12) Einnig er hægt að búa til plast úr tilbúnum eða náttúrulegum efnum úr stórsameindum sem mynda umbreytta stórsameind með efnahvörfum við önnur grunnefni. Tilbúna stórsameindirnar, sem eru notaðar, eru oft milliefni sem eru ekki fjölliðuð að fullu. Hugsanleg heilbrigðisáhætta getur stafað af flæði annarra grunnefna, sem hafa ekki hvarfast nema að hluta eða alls ekki og eru notuð til að umbreyta stórsameindinni, eða af stórsameind sem hefur ekki hvarfast að öllu leyti. Því skulu önnur grunnefni ásamt stórsameindunum, sem eru notaðar í framleiðslu á umbreyttum stórsameindum, ekki notuð í framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti fyrr en þau hafa verið áhættumetin og leyfð.

(¹) Stj.útd. EB L 44, 15.2.1978, bls. 15.

- 13) Einnig er hægt að búa til plast með örverum sem mynda stórsameindir úr grunnefnum með gerjunarferlum. Stórsameindin er síðan annaðhvort færð yfir í miðil eða hún er dregin út. Hugsanleg heilbrigðisáhætta getur stafað af flæði grunnefna, sem hafa ekki hvarfast nema að hluta eða alls ekki, milliefna eða aukaafurða úr gerjunarferlinu. Í því tilviki skal fullunna varan ekki notuð til framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti fyrr en hún hefur verið áhættumetin og leyfð.
- 14) Í tilskipun 2002/72/EB eru mismunandi skrár yfir einliður eða önnur grunnefni og yfir aukefni sem heimilt er að nota til framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti. Skrá Evrópusambandsins yfir einliður, önnur grunnefni og aukefni er nú fullgerð en það merkir að einungis má nota efni sem eru leyfð á vettvangi Evrópusambandsins. Því er ekki lengur nauðsynlegt að aðgreina einliður eða önnur grunnefni og aukefni í mismunandi skrár eftir leyfisstöðu þeirra. Þar eð unnt er að nota sum efni bæði sem einliður eða önnur grunnefni og sem aukefni skal, fyrir skýrleika sakir, birta þau í einni skrá yfir leyfð efni þar sem leyfilegt hlutverk þeirra er tilgreint.
- 15) Fjölliður er ekki einungis hægt að nota sem aðalbyggingarefni plast heldur einnig sem aukefni sem ná fram skilgreindum, tæknilegum áhrifum í plastinu. Ef slíkt fjölliða aukefni er nákvæmlega eins og fjölliða sem getur verið aðalbyggingarefni efniviðar úr plasti má líta svo á að búið sé að meta áhættuna, sem kann að stafa af fjölliða aukefninu, hafi einliðurnar þegar verið metnar og leyfðar. Í slíku tilviki er ekki nauðsynlegt að veita leyfi fyrir fjölliðunaraukefninu en unnt væri að nota það á grundvelli leyfisins fyrir einliðum þess og öðrum grunnefnum. Ef slíkt fjölliða aukefni er ekki nákvæmlega eins og fjölliða sem getur verið aðalbyggingarefni efniviðar úr plasti má ekki líta svo á að áhættan, sem kann að stafa af fjölliða aukefninu, hafi verið metin þótt einliðurnar hafi verið metnar. Í slíku tilviki skal ekki nota fjölliða aukefnið til framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti fyrr en það hefur verið áhættumetið, að því er varðar þann hluta þess sem hefur minni mólþyngd en 1000 Da, og veitt hefur verið leyfi fyrir því.
- 16) Áður fyrr var ekki gerður skýr greinarmunur á aukefnum, sem gegna hlutverki í endanlegu fjölliðunni, og hjálparefnum við fjölliðuframleiðslu sem gegna einungis hlutverki í framleiðsluferlinu og er ekki ætlað að vera í fullunna hlutum. Sum efni, sem gegna hlutverki hjálparefna við fjölliðuframleiðslu, voru fyrir löngu komin inn í ófullgerðu skrána yfir aukefni. Þessi hjálparefni við fjölliðuframleiðslu skulu vera áfram á skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni. Þó skal tekið fram, með fyrirvara um landslög, að notkun annarra hjálparefna við fjölliðuframleiðslu verður áfram heimil. Þessi staða skal endurmetin síðar.
- 17) Skrá Evrópusambandsins inniheldur efni sem heimilt er að nota við framleiðslu á plasti. Efni á borð við súrur, alkóhól og fenól geta einnig komið fyrir í formi salta. Þar eð sölt umbreytast yfirleitt í síru, alkóhól eða fenól í maganum skal að meginreglu til heimilt að nota sölt með plúsjónum, sem hafa staðist öryggismat, ásamt síru, alkóhóli eða fenóli. Í vissum tilvikum, ef tilgreint er í öryggismatinu að notkun óbundinna sýra sé áhyggjuefni, skal leyfa söltin eingöngu og skal þá tilgreina heitið í skránni sem „... sýra/sýrur, sölt“.
- 18) Efni, sem eru notuð til framleiðslu á efniviði eða hlutum úr plasti, kunna að innihalda óhreinindi sem stafa frá framleiðslu- eða útdráttarferlinu. Þessum óhreinindum er bætt við, án ásetnings, með efninu sjálfu í framleiðslu plastefniviðarinnar (efni sem er bætt við án ásetnings). Taka skal tillit til helstu óhreininda í viðkomandi efni, að svo miklu leyti sem þau skipta máli við gerð áhættumatsins, og tilgreina þau í forskriftum efnisins ef nauðsyn krefur. Hins vegar er ekki gerlegt að telja upp öll óhreinindi og taka tillit til þeirra í leyfinu. Þar af leiðandi kunna þau að vera í efniviðnum eða hlutum án þess að þeirra sé getið í skrá Evrópusambandsins.
- 19) Við framleiðslu fjölliða eru notuð efni til að setja af stað fjölliðunarhvarfið, t.d. hvartar, sem og til að stjórna fjölliðunarhvarfinu, t.d. hvarfmiðlar til að flytja keðjur til, lengja keðjur og stöðva lengingu keðja. Þessi fjölliðunarefni eru notuð í mjög litlu magni og þeim er ekki ætlað að vera í endanlegu fjölliðunni. Því skulu þau ekki, sem stendur, heyra undir málsmeðferð við leyfisveitingu á vettvangi Evrópusambandsins. Framleiðandinn skal meta alla hugsanlega heilbrigðisáhættu, sem hlýst af notkun fullunna efniviðarinnar eða hlutarinnar, í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar, vísindalegar meginreglur um áhættumat.
- 20) Við framleiðslu og notkun efniviðar og hluta úr plasti kunna að myndast myndefni og niðurbrotsefni. Þessi myndefni og niðurbrotsefni eru í plastefnivíðnum án ásetnings (efni sem er bætt við án ásetnings). Taka skal tillit til helstu myndefna og niðurbrotsefna við fyrirhugaða notkun efnis, að svo miklu leyti sem þau skipta máli fyrir áhættumatið, og þau skulu falla undir þær takmarkanir sem gilda um efnið. Hins vegar er ekki gerlegt að telja upp öll myndefni og niðurbrotsefni og taka tillit til þeirra í leyfinu. Því skal ekki skrá þau sem stakar færslur í skrá Evrópusambandsins. Framleiðandinn skal meta alla hugsanlega heilbrigðisáhættu, sem stafar af fullunna efniviðnum eða hlutum vegna myndefna og niðurbrotsefna, í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar, vísindalegar meginreglur um áhættumat.

- 21) Áður en skrá Evrópusambandsins yfir aukefni var tekin saman mátti nota önnur aukefni en þau sem höfðu verið leyfð á vettvangi Evrópusambandsins við framleiðslu á plasti. Fresturinn til að leggja fram gögn fyrir öryggismat hjá Matvælaöryggisstofnuninni á þeim aukefnum sem voru leyfð í aðildarríkjunum, með skráningu þeirra í skrá Evrópusambandsins fyrir augum, rann út 31. desember 2006. Aukefni, sem gild umsókn var lögð inn fyrir áður en þessi frestur rann út, voru skráð í bráðabirgðaskrá. Að því er varðar tiltekin aukefni í bráðabirgðaskránni hefur enn ekki verið tekin ákvörðun um veitingu leyfis fyrir þeim á vettvangi Evrópusambandsins. Unnt skal vera að nota þessi aukefni áfram, í samræmi við landslög, uns mati á þeim er lokið og ákvörðun hefur verið tekin um hvort þau skuli skráð í skrá Evrópusambandsins.
- 22) Þegar aukefni, sem er í bráðabirgðaskránni, er skráð á skrá Evrópusambandsins eða þegar ákveðið er að færa það ekki í skrá Evrópusambandsins skal þetta aukefni tekið af bráðabirgðaskránni yfir aukefni.
- 23) Ný tækni gerir það kleift að framleiða efni með tiltekinni kornastærð, t.d. nanóagnir, sem hafa efnafræðilega og eðlisfræðilega eiginleika sem eru umtalsvert ólíkir eiginleikum efna sem hafa meiri kornastærð. Þessir ólíku eiginleikar geta leitt af sér ólíka eiturefnafræðilega eiginleika og því skal Matvælaöryggisstofnunin meta áhættuna af þessum efnum í hverju tilviki fyrir sig þar til meiri upplýsingar liggja fyrir um þessa nýju tækni. Því skal tekið fram að leyfi, sem byggjast á áhættumati á hefðbundinni agnastærð efnis, ná ekki yfir framleiddar nanóagnir.
- 24) Á grundvelli áhættumatsins skal, ef nauðsyn krefur, tilgreina sértæk flæðimörk í leyfinu til að tryggja öryggi fullunna efniviðarins eða hlutarins. Ef aukefni, sem er leyft til framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti, er jafnframt leyft sem aukefni í matvælum eða bragðefni skal tryggja að frálosnun efnisins valdi ekki óviðunandi breytingum á samsetningu matvælnanna. Því skal frálosnun slíks aukefnis eða bragðefnis með tvíþætt notagildi ekki gegna tæknilegu hlutverki í matvælunum nema til þess sé ætlast að hún gegni slíku hlutverki og nema efniviður, sem kemst í snertingu við matvæli, uppfylli kröfurnar um virkan efnivið, sem kemst í snertingu við matvæli, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 450/2009 frá 29. maí 2009 um virk og gaumræn efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli⁽¹⁾. Virða skal kröfurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽²⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96/ og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB⁽³⁾ eftir atvikum.
- 25) Samkvæmt b-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 má losnun efna úr efniviði og hlutum, sem komast í snertingu við matvæli, ekki valda óviðunandi breytingum á samsetningu matvælnanna. Í samræmi við góða framleiðsluhætti er æskilegt efniviður úr plasti sé framleiddur með þeim hætti að hann láti ekki meira frá sér af efnum en 10 mg á hvern 1 dm² af yfirborðsflatni efniviðarins. Ef áhættumat fyrir tiltekið efni sýnir ekki lægri mörk skal fastsetja þessi mörk sem almenn mörk fyrir óvirkni efniviðar úr plasti, þ.e.a.s. sem heildarflæðimörk. Til að ná samanburðarhæfum niðurstöðum við sannpröfun á samræmi við heildarflæðimörk skal gera prófanir við stöðluð prófunarskilyrði, þ.m.t. prófunartími, hitastig og prófunarmiðill (matvælahermir), sem svara til verstu, fyrirsjáanlegu skilyrða við notkun efniviðarins eða hlutarins úr plasti.
- 26) Heildarflæðimörkin 10 mg á hvern 1 dm² samsvara, þegar um er að ræða ferningslaga umbúðir sem innihalda 1 kg af matvælum, 60 mg flæði á hvert kg af matvælum. Þegar um er að ræða minni umbúðir þar sem hlutfall yfirborðs og rúmmáls er hærra er meira flæði yfir í matvælin. Setja skal sérákvæði fyrir ungbörn og lítil börn, sem neyta meiri matvæla miðað við líkamsþyngd sína í kílóum talið en fullorðnir og sem eru ekki byrjuð að neyta fjölbreyttrar fæðu, í þeim tilgangi að takmarka inntekið magn efna sem berast með flæði úr efniviði sem kemst í snertingu við matvæli. Til þess að umbúðir með lítið rúmmál njóti einnig sömu verndar og umbúðir með mikið rúmmál skulu heildarflæðimörk fyrir efnivið, sem kemst í snertingu við matvæli og er sérstaklega ætlaður til þökkunar matvæla fyrir ungbörn og lítil börn, tengd við mörkin fyrir matvælin en ekki við yfirborðsflöt umbúðanna.
- 27) Á undanförunum árum hefur verið þróaður efniviður úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli og er ekki einungis úr einni tegund af plasti heldur sameinar allt að 15 mismunandi plastlög í því skyni að ná sem bestri virkni og vernda matvælin sem best og draga um leið úr umbúðaúrgangi. Í slíkum marglaga efniviði eða hlut úr plasti er hægt að aðskilja lög frá matvælum með virkum tálma. Þessi tálmi er lag inni í efniviði eða hlutum, sem komast í snertingu við matvæli, sem kemur í veg fyrir flæði efna utan við tálmann inn í matvælin. Utan við

(¹) Stjtið. ESB L 135, 30.5.2009, bls. 3.

(²) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(³) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

virkan tálma má nota efni sem hafa ekki verið leyfð, að því tilskildu að þau uppfylli tilteknar viðmiðanir og að flæði þeirra haldist undir tilteknum greiningarmörkum. Að teknu tilliti til matvæla fyrir ungbörn og aðra sérstaklega næma einstaklinga, svo og hárra greiningarvikmarka við greiningu á flæðinu, skal fastsetja hámarksildið 0,01 mg/kg matvæla fyrir flæði efna, sem hafa ekki verið leyfð, í gegnum virkan tálma. Efni, sem eru stökkbreytandi, krabbameinsvaldandi eða hafa eiturrhrif á æxlun, skal ekki nota í efnivið eða hluti sem komast í snertingu við matvæli nema leyfi hafi verið veitt fyrir því áður og því skulu þau ekki falla undir hugtakið um virkan tálma. Áhættan af nýrri tækni, sem gerir það kleift að búa til efni, sem eru með tiltekinni kornastærð, t.d. með stærð nanóagna, og hafa efnafraðilega og eðlisfræðilega eiginleika sem eru umtalsvert ólíkir eiginleikum efna sem hafa meiri kornastærð, skal metin í hverju tilviki fyrir sig þar til meiri upplýsingar liggja fyrir um þessa nýju tækni. Því skal hún ekki falla undir hugtakið um virka tálma.

- 28) Á undanföllum árum hafa verið þróaðir efniviður og hlutir, sem komast í snertingu við matvæli og samanstanda af blöndu margra efna, í því skyni að ná sem bestri virkni og vernda matvælin sem best og draga um leið úr umbúðaúrgangi. Plastlög í þennan efnivið og hluti úr marglaga fjölefnu skulu uppfylla sömu kröfur um samsetningu og gilda um plastlög sem eru ekki sett saman við önnur efni. Plastlög í marglaga fjölefnu, sem eru aðskilin frá matvælunum með virkum tálma, falla undir hugtakið um virka tálma. Þar eð annar efniviður er settur saman við plastlög og enn hafa ekki hafa verið samþykktar sértækar ráðstafanir fyrir þennan annan efnivið á vettvangi Evrópusambandsins er enn ekki unnt að setja fram kröfur varðandi fullunninn efnivið og hluti úr marglaga fjölefnu. Því skulu sértæk flæðimörk og heildarflæðimörk einungis gilda um vínklóríðeinliður sem falla nú þegar undir slíka takmörkun. Þar eð sértæk ráðstöfun, sem nær yfir efnivið eða hluti úr marglaga fjölefnu í heild sinni, er ekki fyrir hendi á vettvangi Evrópusambandsins er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda ákvæðum landslaga um þennan efnivið og hluti eða samþykkja slík ákvæði, svo fremi þau séu í samræmi við reglur sáttmálans.
- 29) Í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 er kveðið á um að efniviði og hlutum, sem falla undir sértækar ráðstafanir, skuli fylgja skrifleg samræmis-yfirlýsing þess efnis að þeir séu í samræmi við þær reglur sem um þá gilda. Til að styrkja samvinnu og ábyrgð birgja á hverju framleiðslustigi, þ.m.t. framleiðsla grunnefna, skulu ábyrgir aðilar skjalfesta samræmi við viðeigandi reglur í samræmis-yfirlýsingu sem er aðgengileg viðskiptavinum þeirra.
- 30) Húðunarefni, prentlitir og límefni falla ekki enn undir sértæka löggjöf Evrópusambandsins og þar af leiðandi ekki undir kröfuna um samræmis-yfirlýsingu. Að því er
- varðar húðunarefni, prentliti og límefni, sem nota skal í efnivið og hluti úr plasti, skal þó veita framleiðanda fullunna plasthlutarins fullnægjandi upplýsingar til að gera honum kleift að tryggja að efni, sem flæðimörk hafa verið fastsett fyrir í þessari reglugerð, séu í samræmi við viðeigandi ákvæði.
- 31) Í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾ er sett fram sú krafa að stjórnandi matvælafyrirtækis sannreyni að matvæli séu í samræmi við þær reglur sem gilda um þau. Í þessu skyni og með fyrirvara um vernd trúnaðarupplýsinga skal stjórnendum matvælafyrirtækja veittur aðgangur að viðeigandi upplýsingum svo að þeir geti tryggt að flæði frá efniviði og hlutum yfir í matvæli sé í samræmi við forskrifur og takmarkanir sem mælt er fyrir um í matvælalöggjöfinni.
- 32) Á hverju framleiðslustigi skulu eftirlitsyfirvöld hafa aðgang að fylgiskjölum sem styðja samræmis-yfirlýsinguna. Sýna má fram á slíkt samræmi við kröfur á grundvelli flæðiprófunar. Þar eð flæðiprófun er flókin, kostnaðarsöm og tímafrek skal einnig heimilt að sýna fram á samræmi með útreikningum, þ.m.t. gerð reiknilíkana, og með öðrum greiningum og rannsóknaniðurstöðum eða vísindalegum rökstuðningi svo fremi sem þetta gefur a.m.k. jafnhá gildi og flæðiprófunin. Niðurstöður úr prófunum teljast gildar svo fremi sem framsetning og vinnsluskilyrði haldast óbreytt sem hluti af gæðatryggingarkerfi.
- 33) Við prófun á hlutum, sem hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli, er oft ekki gerlegt að því er varðar tiltekna hluti, s.s. filmur og lok, að ákvarða stærð yfirborðsflatarins sem er í snertingu við tiltekið rúmmál matvæla. Að því er varðar þessa hluti skal setja sértækar reglur varðandi sannprófun á samræmi við kröfur.
- 34) Við ákvörðun flæðimarkna er miðað við þá almennu forsendu að einstaklingur, sem vegur 60 kg, innbyrði daglega 1 kg af matvælum og að matvælunum sé pakkað inn í ferningslaga ílát með 6 dm² yfirborð sem gefur frá sér efnið. Þegar um er að ræða mjög lítil og mjög stór ílát getur raunverulegt hlutfall yfirborðsflatar og rúmmáls matvæla í umbúðum vikið mjög mikið frá almennu forsendunni. Því er rétt að yfirborðsflötur þeirra sé staðlaður áður en niðurstöður prófana eru bornar saman við flæðimörk. Endurskoða skal þessar reglur þegar ný gögn um notkun matvælaumbúða verða tiltæk.

(¹) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

- 35) Sértek flæðimörk eru leyfilegt hámarks magn tiltekins efnis í matvælum. Þessi mörk eiga að tryggja að ekki stafi heilbrigðisáhrættu af efniviði sem kemst í snertingu við matvæli. Framleiðandinn skal sjá til þess að að efniviður og hlutir, sem hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli, fari ekki yfir þessi mörk þegar þau eru látin komast í snertingu við matvæli við verstu, fyrirjáanlegu snertingarskilyrði. Því skal meta hvort efniviður og hlutir, sem hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli, séu í samræmi við kröfur og setja skal fram reglur varðandi þessa prófun.
- 36) Matvæli eru flókið efnaumhverfi og því getur reynst erfitt að greina flæðiefni í matvælum. Því er rétt að velja prófunarmiðla sem líkja eftir flutningi efna úr plastefniviðnum yfir í matvæli. Þeir skulu vera lýsandi fyrir helstu eðlisefnafræðilegu eiginleika matvælna. Við notkun matvælaherma skulu staðlaður prófunartími og hitastig líkja, eftir því sem unnt er, eftir flæðinu sem getur átt sér stað úr hlutum yfir í matvælin.
- 37) Við ákvörðun á viðeigandi matvælahermi fyrir tiltekin matvæli skal taka tillit til efnasamsetningar og eðlisfræðilegra eiginleika viðkomandi matvæla. Rannsóknarniðurstöður liggja fyrir varðandi tiltekin, dæmigerð matvæli þar sem gerður er samanburður á flæði yfir í matvæli og flæði yfir í matvælaherma. Velja skal matvælaherma á grundvelli þessara niðurstaðna. Að því er varðar matvæli sem innihalda fitu er einkum hætt við því að í niðurstöðum sem fást með matvælahermi sé flæði yfir í matvæli í sumum tilvikum verulega ofmetið. Í þessum tilvikum skal sjá til þess að niðurstaðan úr matvælaherminum sé leiðrétt með lækkunarstuðli.
- 38) Váhrif frá efnunum, sem flæða úr efniviði sem kemst í snertingu við matvæli, voru metin út frá þeirri almennu forsendu að einstaklingur innbyrði daglega 1 kg af matvælum. Einstaklingur innbyrði þó að hámarki 200 g af fitu daglega. Taka skal tillit til þess þegar um er að ræða fitusækin efni sem flæða einungis yfir í fitu. Því er rétt að gera ráð fyrir leiðréttingu á sértekta flæðinu með leiðréttingarstuðli sem gildir fyrir fitusækin efni í samræmi við álit vísindanefndarinnar um matvæli ⁽¹⁾ og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar ⁽²⁾.
- 39) Koma skal á prófunaráætlunum innan ramma opinbers eftirlits sem gera eftirlitsyfirvöldum kleift að sinna
- eftirliti á skilvirkan máta með því að nýta tiltæk úrræði sem best. Því skal tekið gilt, við tilteknar aðstæður, að nota skimunaraðferðir við eftirlit með því að farið sé að kröfum. Ef efniviður eða hlutur er ekki í samræmi við kröfur skal það staðfest með sannprófunaraðferð.
- 40) Í þessari reglugerð skal setja grundvallarreglur um flæðiþrófun. Þar eð flæðiþrófun er mjög flókin geta þessar grundvallarreglur þó hvorki náð yfir öll fyrirjáanleg tilvik né allar upplýsingar sem þarf til að framkvæma prófanirnar. Því er rétt að kveða á um leiðbeiningarskjal Evrópusambandsins þar sem lýst er nánar einstökum þáttum í framkvæmd grunnreglnanna um flæðiþrófun.
- 41) Uppfærðu reglurnar um matvælaherma og flæðiþrófun, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, munu leysa af hólmi reglurnar í tilskipun 78/142/EBE og í viðaukanum við tilskipun ráðsins 82/711/EBE frá 18. október 1982 um nauðsynlegar grundvallarreglur til að mæla flæði efna úr plastefnum og -hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽³⁾.
- 42) Ekki er víst að gert hafi verið áhættumat á efnunum sem eru í plastinu en eru ekki skráð í I. viðauka við þessa reglugerð þar eð þau hafa ekki verið sett í málsmeðferð við leyfisveitingu. Viðeigandi rekstraraðili skal meta samræmi þessara efna við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar, vísindalegar meginreglur, að teknu tilliti til váhrifa frá efniviði, sem kemst í snertingu við matvæli, og frá öðrum upptökum.
- 43) Nýlega hefur Matvælaöryggisstofnunin lagt jákvætt mat á nýjar einliður, önnur grunnefni og aukefni og er rétt að bæta þeim við á skrá Evrópusambandsins.
- 44) Þar eð að nýjum efnunum hefur verið bætt á skrá Evrópusambandsins skal reglugerðin öðlast gildi eins fljótt og auðið er til að gera framleiðendum kleift að laga sig að tækniframförum og til að gefa svigrúm til nýsköpunar.
- 45) Uppfæra skal tilteknar reglur um flæðiþrófun í ljósi nýrrar vísindapekkingar. Eftirlitsyfirvöld og iðnaðurinn þurfa að aðlaga núverandi prófunarfyrirkomulag sitt að þessum uppfærðu reglum. Til að gera þessa aðlögun mögulega þykir rétt að uppfærðu reglurnar öðlist ekki gildi fyrr en tveimur árum eftir að reglugerðin hefur verið samþykkt.

⁽¹⁾ Álit vísindanefndarinnar um matvæli frá 4. desember 2002 um innleiðingu fitu(neyslu)lækkunarstuðuls (FLS) við mat á váhrifum af völdum flæðis úr efniviði sem kemst í snertingu við matvæli. http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/out149_en.pdf

⁽²⁾ Álit sérfræðinganeftdar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efnivið sem kemst í snertingu við matvæli sem veitt var að beiðni framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við innleiðingu fitu(neyslu)-lækkunarstuðuls fyrir ungbörn og smábörn, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2004) 103, bls. 1–8.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 297, 23.10.1982, bls. 26.

- 46) Sem stendur byggja rekstraraðilar samræmisýfirlýsingu sína á fylgiskjölum í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í tilskipun 2002/72/EB. Að jafnaði þarf einungis að uppfæra samræmisýfirlýsingu ef umtalsverðar breytingar á framleiðslunni orsaka breytingar á flæði eða ef ný vísindagögn koma fram. Til að takmarka álag á rekstraraðila skal leyfilegt að setja efni, sem hafa verið sett á markað á lögmætan hátt á grundvelli þeirra krafna sem settar eru fram í tilskipun 2002/72/EB, á markað með samræmisýfirlýsingu, sem byggist á fylgiskjölum í samræmi við tilskipun 2002/72/EB, í fimm ár eftir að reglugerðin hefur verið samþykkt.
- 47) Greiningaraðferðir til að gera prófanir á flæði og innihaldi leifa af vínýlklóríðeinliðum, sem lýst er í tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 80/766/EBE frá 8. júlí 1980 um greiningaraðferð innan Bandalagsins á vínýlklóríðeinliðum í efnunum og hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli⁽¹⁾ og 81/432/EBE frá 29. apríl 1981 um greiningaraðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit á vínýlklóríð sem getur borist í matvæli með efnunum og hlutum⁽²⁾, eru úreltar. Greiningaraðferðir skulu vera í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004⁽³⁾ um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt. Því ber að fella tilskipanir 80/766/EBE og 81/432/EBE úr gildi.
- 48) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Þessi tilskipun er sértæk ráðstöfun í skilningi 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.

2. Í þessari reglugerð er kveðið á um sértækar kröfur varðandi framleiðslu og setningu á markað á efniviði og hlutum úr plasti:

- a) sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli, eða

- b) sem eru nú þegar í snertingu við matvæli, eða

- c) sem eðlilegt er að vænta að komist í snertingu við matvæli.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um efnivið og hluti sem eru settir á markað í Evrópusambandinu og skiptast í eftirfarandi flokka:

- a) efnivið og hluti og hluta þeirra sem eru eingöngu úr plasti,
- b) marglaga efnivið og hluti sem er haldið saman með lími eða á annan hátt,
- c) efnivið og hluti, sem um getur í a- eða b-lið, sem eru áprentaðir og/eða hjúpaðir með húðunarefni,
- d) plastlög eða plasthúðir sem mynda þéttingar í hettum og lokunarbúnaði sem ásamt þessum hettum og lokunarbúnaði mynda tvö eða fleiri lög úr mismunandi gerðum efniviðar,
- e) plastlög í efnivið og hluti úr marglaga fjölefnu.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi efnivið og hluti sem eru settir á markað í Evrópusambandinu og er ætlað að falla undir aðrar sértækar ráðstafanir:

- a) jónaskiptaresín,
- b) gúmmí,
- c) silíkon.

3. Þessi reglugerð er með fyrirvara um ákvæði Evrópusambandsins eða ákvæði landslaga sem gilda um prentlit, límefni eða húðunarefni.

3. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „efniviður og hlutir úr plasti“:

- a) efniviður og hlutir sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 2. gr. og

- b) plastlög sem um getur í d- og e-lið 1. mgr. 2. gr.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 213, 16.8.1980, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 167, 24.6.1981, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

- 2) „plast“: fjölliða sem aukefnum eða öðrum efnum kann að hafa verið bætt við og sem getur gegnt hlutverki aðalbyggingarefnis fullunnins efniviðar og hluta,
- 3) „fjölliða“: efni úr stórsameindum sem fengið er með:
- a) fjölliðunarferli, s.s. fjöllalagningu eða fjölpéttingu, eða með öðru svipuðu ferli með einliðum og öðrum grunnefnum, eða
- b) efnafræðilegum breytingum á náttúrulegum eða tilbúnum stórsameindum, eða
- c) örverugerjun,
- 4) „marglaga plast“: efniviður eða hlutur sem er settur saman úr tveimur eða fleiri lögum af plasti,
- 5) „marglaga fjölefni“: efniviður eða hlutur sem er settur saman úr tveimur eða fleiri lögum af mismunandi tegundum efniviðar, þar af a.m.k. einu lagi úr plasti,
- 6) „einliða eða annað grunnefni“:
- a) efni sem er sett í fjölliðunarferli í því skyni að framleiða fjölliður, eða
- b) náttúrulegt eða tilbúið efni úr stórsameindum sem er notað til framleiðslu á umbreyttum stórsameindum, eða
- c) efni sem er notað til að umbreyta fyrirliggjandi, náttúrulegum eða tilbúnum stórsameindum,
- 7) „aukefni“: efni sem af ásetningi er bætt í plast til að ná fram eðlisfræðilegum eða efnafræðilegum áhrifum við vinnslu plasticsins eða í fullunna efninu eða hlutnum og sem er ætlað að vera í fullunna efninu eða hlutnum,
- 8) „hjálprefni við fjölliðuframleiðslu“: hvers kyns efni sem er notað til að skapa heppilegan miðil til framleiðslu á fjölliðum eða plasti. Það kann að vera í fullunna efniviðnum eða hlutunum en hvorki af ásetningi né hefur það eðlisfræðileg eða efnafræðileg áhrif í fullunna efninu eða hlutnum;
- 9) „efni sem er bætt við án ásetnings“: óhreinindi í efnunum, sem eru notuð, eða millihvarfefni sem myndast í framleiðsluferlinu eða niðurbrots- eða myndefni,
- 10) „fjölliðunarefni“: efni sem setur af stað fjölliðun og/eða stýrir myndun stórsameindarinnar,
- 11) „heildarflæðimörk“ (HFM): leyfilegt hámarksmagn órokjarnra efna sem efniviður eða hlutur losar út í matvælaherma,
- 12) „matvælahermir“: prófunarmiðill sem hermir eftir matvælum. Matvælahermirinn líkir eftir flæði frá efniviði sem kemst í snertingu við matvæli;
- 13) „sértæk flæðimörk“ (SFM): leyfilegt hámarksmagn tiltekins efnis sem efniviður eða hlutur losar út í matvæli eða matvælaherma,
- 14) „samanlögð sértæk flæðimörk“ (SFM(H)): leyfilegt hámarkssumma tiltekinna efna sem losna út í matvæli eða matvælaherma, gefin upp sem samanlagðir hlutar þeirra efna sem tilgreind eru,
- 15) „virkur tálmi“: tálmi sem er úr einu eða fleiri lögum af hvers kyns efniviði og tryggir að fullunna efnid eða hluturinn sé í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 og ákvæði þessarar reglugerðar,
- 16) „fitulaus matvæli“: matvæli sem skal einungis flæðiprófa í öðrum matvælahermum en matvælahermum D1 eða D2 samkvæmt töflu 2 í V. viðauka við þessa reglugerð,
- 17) „takmörkun“: takmörkun á notkun efnis, flæðimörk eða mörk fyrir innihaldi efnisins í viðkomandi efniviði eða hlut,
- 18) „forskrift“: samsetning efnis, hreinleikaskilyrði fyrir efni, eðlisefnafræðilegir eiginleikar efnis, upplýsingar um framleiðsluferli efnis eða nánari upplýsingar um framsetningu flæðimarka.

4. gr.

Setning efniviðar og hluta úr plasti á markað

Efnivið og hluti úr plasti má einungis setja á markað ef þeir:

- a) eru í samræmi við viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, miðað við fyrirhugaða og fyrirsjáanlega notkun, og
- b) eru í samræmi við þær kröfur um merkingar sem settar eru fram í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, og

- c) eru í samræmi við þær kröfur um rekjanleika sem settar eru fram í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, og
- d) eru framleiddir í samræmi við góða framleiðsluhætti eins og sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2023/2006⁽¹⁾, og
- e) eru í samræmi við kröfur um samsetningu og yfirlýsingar sem settar eru fram í II., III. og IV. kafla þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

KRÖFUR UM SAMSETNINGU

1. ÞÁTTUR

Leyfð efni

5. gr.

Skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni

1. Við framleiðslu á plastlögum í efnivið og hluti úr plasti má einungis nota af ásetningi þau efni í skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni (hér á eftir nefnd skrá Evrópusambandsins) sem eru sett fram í I. viðauka.
2. Í skrá Evrópusambandsins skulu vera:
 - a) einliður eða önnur grunnefni,
 - b) aukefni, að undanskildum litgjöfum,
 - c) hjálparefni við fjölliðuframleiðslu, að undanskildum leysum,
 - d) stórsameindir sem fengnar eru með örverugerjun.
3. Heimilt er að breyta skrá Evrópusambandsins í samræmi við málsmeðferðina sem komið var á með 8.–12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.

6. gr.

Undanþágur fyrir efni sem eru ekki í skrá Evrópusambandsins

1. Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt, með fyrirvara um landslög, að nota önnur efni en efnin, sem eru í skrá Evrópusambandsins sem hjálparefni við fjölliðuframleiðslu, við framleiðslu á plastlögum í efnivið og hluti úr plasti.
2. Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt, með fyrirvara um landslög, að nota litgjafa og leysa við framleiðslu á plastlögum í efnivið og hluti úr plasti.

3. Eftirtalin efni, sem eru ekki í skrá Evrópusambandsins, eru leyfð með fyrirvara um þær reglur sem settar eru fram í 8., 9., 10., 11. og 12. gr.:

- a) ál-, ammóníum-, baríum-, kalsíum-, kóbalt-, kopar-, járn-, litíum-, magnesíum-, mangan-, kalíum-, natríum- og sinksölt (þ.m.t. tvísölt og sýrusölt) af leyfðum sýrum, fenólum eða alkóhólum,
- b) blöndur sem fást með því að blanda saman leyfðum efnum án þess að efnahvörf verði milli efnisþáttanna,
- c) náttúruleg eða tilbúin, fjölliða efni með a.m.k. 1000 Da mólþyngd, að undanskildum stórsameindum sem fást með örverugerjun, sem eru notuð sem aukefni og uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð, að því tilskildu að þau geti gegnt hlutverki aðalbyggingarefnis í fullnum efniviði eða hlutum,
- d) forfjölliður og náttúruleg eða tilbúin efni úr stórsameindum, þegar þau eru notuð sem einliður eða önnur grunnefni, sem og blöndur þeirra, að undanskildum stórsameindum sem fást með örverugerjun, að því tilskildu að einliðurnar eða grunnefnin, sem þarf til að mynda þau, séu í skrá Evrópusambandsins.

4. Eftirtalin efni, sem eru ekki í skrá Evrópusambandsins, mega vera í plastlögum efniviðar eða hluta úr plasti:

- a) efni sem er bætt við án ásetnings,
- b) fjölliðunarefni.

5. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er heimilt, með fyrirvara um landslög, að nota áfram aukefni, sem eru ekki í skrá Evrópusambandsins, eftir 1. janúar 2010 þar til ákveðið hefur verið hvort þau verða færð í skrá Evrópusambandsins eða ekki, að því tilskildu að þau séu í bráðabirgðaskránni sem um getur í 7. gr.

7. gr.

Gerð og umsjón bráðabirgðaskrárinnar

1. Bráðabirgðaskráin, sem framkvæmdastjórnin birti 2008, yfir aukefni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) er að meta skal uppfærð reglulega.
2. Aukefni skal tekið af bráðabirgðaskránni:
 - a) þegar það er fært í skrá Evrópusambandsins sem sett er fram í I. viðauka eða
 - b) þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um að færa það ekki í skrá Evrópusambandsins eða
 - c) ef Matvælaöryggisstofnunin óskar eftir viðbótarupplýsingum við yfirferð gagnanna og upplýsingarnar eru ekki lagðar fram innan frestsins sem Matvælaöryggisstofnunin setur.

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 384, 29.12.2006, bls. 75.

2. ÞÁTTUR

Almennar kröfur, takmarkanir og forskriftir

8. gr.

Almennar kröfur varðandi efni

Efni, sem eru notuð við framleiðslu á plastlögum í efnivið og hluti úr plasti, skulu vera af tæknilegum gæðum og hreinleika sem hæfir fyrirhugaðri og fyrirsjáanlegri notkun viðkomandi efniviðar eða hluta. Framleiðandi efnisins skal þekkja samsetningu þess og lögbær yfirvöld skulu upplýst um hana að beiðni þeirra.

9. gr.

Sértækar kröfur varðandi efni

1. Eftirfarandi takmarkanir og forskriftir gilda um efni sem notuð eru við framleiðslu á plastlögum í efnivið og hluti úr plasti:

- a) sértæku flæðimörkin sem eru sett fram í 11. gr.,
- b) heildarflæðimörkin sem eru sett fram í 12. gr.,
- c) takmarkanirnar og forskriftirnar sem eru settar fram í 10. dálki í töflu 1 í 1. lið I. viðauka,
- d) nákvæmu forskriftirnar sem eru settar fram í 4. lið I. viðauka.

2. Efni í nanóformi skal einungis nota ef sérstök heimild er fyrir því og þess getið í forskriftunum í I. viðauka.

10. gr.

Almennar takmarkanir varðandi efnivið og hluti úr plasti

Í II. viðauka er mælt fyrir um almennar takmarkanir sem varða efnivið og hluti úr plasti.

11. gr.

Sértæk flæðimörk

1. Innihaldsefni efniviðar og hluta úr plasti mega ekki berast í matvæli í meira magni en því sem sértæku flæðimörkin segja til um en þau eru sett fram í I. viðauka. Þessi sértæku flæðimörk eru gefin upp sem mg af efni á hvert kg af matvælum (mg/kg).

2. Fyrir efni, sem ekki eru sett sértæk flæðimörk eða aðrar takmarkanir fyrir í I. viðauka, gilda almenn, sértæk flæðimörk sem eru 60 mg/kg.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skulu aukefni, sem einnig hafa verið leyfð sem matvælaaukefni með reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eða sem bragðefni með reglugerð (EB) nr. 1334/2008, ekki flæða yfir í matvæli í svo miklu magni að það hafí tæknileg áhrif í fullunnu matvælunum og þau skulu ekki:

- a) fara yfir takmarkanirnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eða í reglugerð (EB) nr. 1334/2008 eða í I. viðauka við þessa reglugerð, í matvælum sem heimilt er að nota þau í sem matvælaaukefni eða bragðefni, eða
- b) fara yfir takmarkanirnar, sem kveðið er á um í I. viðauka við þessa reglugerð, í matvælum sem ekki er heimilt að nota þau í sem matvælaaukefni eða bragðefni.

12. gr.

Heildarflæðimörk

1. Efniviður og hlutir úr plasti mega ekki láta frá sér innihaldsefni sín í matvælaherma í magni sem nemur meira en 10 milligrömmum af samanlögðum innihaldsefnum á hvern dm² yfirborðs sem er í snertingu við matvæli (mg/dm²).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu efniviður og hlutir úr plasti, sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, eins og skilgreint er í tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB⁽¹⁾ og 2006/125/EB⁽²⁾, ekki láta frá sér innihaldsefni sín í matvælaherma í magni sem nemur meira en 60 milligrömmum af samanlögðum innihaldsefnum á hvert kg af matvælahermi.

III. KAFLI

SÉRTÆK ÁKVÆÐI FYRIR TILTEKINN EFNIVIÐ OG HLUTI

13. gr.

Marglaga efniviður og hlutir úr plasti

1. Í marglaga efniviði eða hlutum úr plasti skal samsetning hvers plastlags vera í samræmi við þessa reglugerð.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að plastlag sem er ekki í beinni snertingu við matvæli og er aðskilið frá matvælunum með virkum tálma:

- a) sé ekki í samræmi við takmarkanirnar og forskriftirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð nema þegar um er að ræða vínýlklórídeinliðu eins og kveðið er á um í I. viðauka, og/eða
- b) sé framleitt með efnum sem eru ekki talin upp í skrá Evrópusambandsins eða í bráðabirgðaskránni.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16.

3. Flæði efnanna, sem um getur í b-lið 2. mgr., í matvæli eða matvælaherminum skal ekki vera greinanlegt, mælt með tölfraðilegri vissu með greiningaraðferð, sem sett er fram í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, með greiningarmörkin 0,01 mg/kg. Þau mörk skulu alltaf tilgreind sem styrkur í matvælum eða matvælaherminum. Mörkin gilda fyrir flokk efnasambanda, ef þau eru skyld að því er varðar efnabyggingu eða eiturefnafræðilega eiginleika, einkum hverfur eða efnasambönd með sama virka hópinn sem máli skiptir, og þau gilda einnig um hugsanlegt smit.

4. Efni, sem ekki eru talin upp í skrá Evrópusambandsins eða bráðabirgðaskránni sem um getur í b-lið 2. mgr., skulu tilheyra hvorugum af eftirtöldum flokkum:

a) efni, sem eru flokkuð sem „stökkbreytandi“, „krabba-meinsvaldandi“ eða sem efni „sem hafa eiturhrif á æxlun“ í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í liðum 3.5, 3.6 og 3.7 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽¹⁾,

b) efni í nanóformi.

5. Fullunninn, marglaga efniviður eða hlutur úr plasti skal vera í samræmi við sértæku flæðimörkin, sem mælt er fyrir um í 11. gr., og heildarflæðimörkin sem mælt er fyrir um í 12. gr. þessarar reglugerðar.

14. gr.

Efniviður og hlutir úr marglaga fjölefnum

1. Í efniviði eða hlutum úr marglaga fjölefnum skal samsetning hvers plastlags vera í samræmi við þessa reglugerð.

2)	Sú áhætta er fyrir hendi að farið sé yfir SFM eða HFM þegar um er að ræða fiturikan matvælahermi.
3)	Sú áhætta er fyrir hendi að flæði efnisins rýri skynmatseinkenni matvællanna sem þau komast í snertingu við og því er einnig hætt á að fullunna varan sé ekki í samræmi við kröfurnar í c-lið 1. mgr. 3. gr. rammareglugerðar (EB) nr. 1935/2004.
4)	Þegar um er að ræða snertingu við fitu skal framkvæma samræmisprófun með matvælahermi úr mettaðri fitu eins og matvælahermi D.
5)	Þegar um er að ræða snertingu við fitu skal framkvæma samræmisprófun með því að nota ísóoktan sem staðgönguefni fyrir matvælahermi D2 (óstöðugt).
6)	Fara má yfir flæðimörk við mjög hátt hitastig.
7)	Við prófun á matvælum skal taka tillit til liðar 1.4 í V. viðauka.
8)	Sannprófun á samræmi á grundvelli innihalds leifa, miðað við yfirborðsflöt sem er í snertingu við matvæli (HMY); HMY = 0,005 mg/6 dm ² .
9)	Sannprófun á samræmi á grundvelli innihalds leifa, miðað við yfirborðsflöt sem er í snertingu við matvæli (HMY), meðan þess er beðið að greiningaraðferð fyrir flæðiprófun verði tiltæk. Hlutfallið milli yfirborðs og magns matvæla skal vera lægra en 2 dm ² /kg.
10)	Sannprófun á samræmi á grundvelli innihalds leifa, miðað við yfirborðsflöt sem er í snertingu við matvæli (HMY), ef efnahvörf með matvælum eða matvælahermi eiga sér stað.
11)	Einungis er tiltæk greiningaraðferð til að ákvarða einliðuleifina í meðhöndlaða fylliefninu.
12)	Sú áhætta er fyrir hendi að farið sé yfir SFM þegar um er að ræða pólýólefin.
13)	Einungis er tiltæk aðferð við að ákvarða innihald í fjölliðum og aðferð við að ákvarða grunnefni í matvælaherfum.
14)	Sú áhætta er fyrir hendi að farið sé yfir SFM þegar um er að ræða plastefni sem innihalda meira en 0,5% (massahlutfall) af efninu.
15)	Þegar um er að ræða snertingu við matvæli sem innihalda mikið alkóhól er hætt á að farið sé yfir SFM.
16)	Sú áhætta er fyrir hendi að farið sé yfir SFM þegar um er að ræða eðlislétt pólýetýlen (LDPE) sem inniheldur meira en 0,3% (massahlutfall) af efninu og kemst í snertingu við fiturik matvæli.
17)	Einungis er tiltæk aðferð við að ákvarða innihald leifa efnisins í fjölliðunni.

4. Ítarleg forskrift fyrir efni

Tafla 4 yfir ítarlega forskrift fyrir efni inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

1. dálkur (nr. ESM-efnis): inniheldur sérstakt kenninúmer efnanna sem um getur í 1. dálki í töflu 1 í I. viðauka og sem forskriftin á við um.

2. dálkur (ítarleg forskrift fyrir efnið): inniheldur forskriftina fyrir efnið.

Tafla 4

1)	2)	
Nr. ESM-efnis	Ítarleg forskrift fyrir efnið	
744	Skilgreining	Samfjöllliðurnar eru búnar til með stýrðri gerjun á <i>Alcaligenes eutrophus</i> þar sem kolefnisgjafinn er blanda af glúkósa- og própansýru. Lífveran, sem notuð er, er ekki erfðabreytt heldur er hún komin af einni lífveru af villigerð <i>Alcaligenes eutrophus</i> , stofni HI6 NCIMB 10442. Viðmiðunarstofnar lífverunnar eru geymdir frostþurrkaðir í lykjum. Unnið er með geymslu-/vinnslustofna sem fengnir eru úr viðmiðunarstofninum og geymdir í fljótandi köfnunarefni og notaðir sem sáð í gerjunartankinn. Gerjunarsýni skal skoða daglega í smásjá og einnig skal fylgjast með breytingum á formi og byggingu gerlaklása á mismunandi agaræti við mismunandi hitastig. Samfjöllliðurnar eru einangraðar frá hitameðhöndluðum bakteríum með stýrðri leysingu á öðrum efnisþáttum frumnanna, þvotti og þurrkun. Þessar samfjöllliður eru yfirleitt á formi sérstaklega samsetts og bræðslumótaðs kynnis sem í eru ýmis aukefni, s.s. kynnar, mýkingarefni, fylliefni, stöðgarar og fastlitarefni, sem öll uppfylla almennar og einstakar forskriftir.
	Efnaheiti	Pólý(3-D-hýdroxybútanóat-kó-3-D-hýdroxýpentanóat)
	CAS-númer	0080181-31-3
	Byggingarformúla	$ \begin{array}{cccc} & & \text{CH}_3 & \\ & & & \\ \text{CH}_3 & \text{O} & \text{CH}_2 & \text{O} \\ & & & \\ \text{(-O-CH-CH}_2\text{-C-)}_m & \text{- (O-CH-CH}_2\text{-C-)}_n & & \end{array} $ <p>þar sem $n/(m + n)$ er stærra en 0 og minna en eða jafnt og 0,25</p>
	Meðalmólþyngd	Ekki undir 150 000 daltonum (mælt með gegndræpisskiljun)
	Magngreining	Ekki undir 98% pólý(3-D-hýdroxybútanóat-kó-3-D-hýdroxýpentanóat), greint eftir vatnsrof sem blanda af 3-D-hýdroxybútansýru og 3-D-hýdroxýpentansýru
	Lýsing	Hvitt eða beinhvitt duft að lokinni aðgreiningu frá öðrum efnunum.
	Eiginleikar Sanngreiningaprófanir: Leysni	Leysanlegt í klóruðum vetniskolefnum, t.d. klóróformi og diklórmetani, en nánast óleysanlegt í etanóli, alifatískum alkönunum og vatni
	Takmarkanir	HMY fyrir krótónsýru er 0,05 mg/6 dm ²
	Hreinleiki	Fyrir kynningu skal ómeðhöndlaða fjöllliðuduftið innihalda:
	köfnunarefni,	Ekki meira en 2500 mg/kg af plasti
	sink,	Ekki meira en 100 mg/kg af plasti
	kopar,	Ekki meira en 5 mg/kg af plasti
	blý,	Ekki meira en 2 mg/kg af plasti
	arsen,	Ekki meira en 1 mg/kg af plasti
	króm,	Ekki meira en 1 mg/kg af plasti

*II. VIÐAUKI***Takmarkanir varðandi efnivið og hluti**

1. Efniviður og hlutir úr plasti skulu ekki gefa frá sér eftirtalin efni í magni sem er umfram sértæku flæðimörkin hér á eftir:

Baríum = 1 mg/kg matvæla eða matvælahermis.

Kóbalt = 0,05 mg/kg matvæla eða matvælahermis.

Kopar = 5 mg/kg matvæla eða matvælahermis.

Járn = 48 mg/kg matvæla eða matvælahermis.

Lítíum = 0,6 mg/kg matvæla eða matvælahermis.

Mangan = 0,6 mg/kg matvæla eða matvælahermis.

Sink = 25 mg/kg matvæla eða matvælahermis.

2. Efniviður og hlutir úr plasti skulu ekki gefa frá sér eingreind, arómatísk amín, að undanskildum þeim sem koma fyrir í töflu 1 í I. viðauka, í greinanlegu magni í matvæli eða matvælahermi. Greiningarmörkin eru 0,01 mg af efni á hvert kg af matvælum eða matvælahermi. Greiningarmörkin gilda um summu eingreindra, arómatískra amína sem losna.

III. VIÐAUKI

Matvælahermar

1. Matvælahermar

Til að sýna fram á að efniviður og hlutir úr plasti, sem hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli, séu í samræmi við kröfur skal nota matvælahermana sem eru tilgreindir í 1. töflu hér á eftir.

Tafla 1

Skrá yfir matvælaherma

Matvælahermir	Skammstöfun
Etanól 10% (rúmmálshlutfall)	Matvælahermir A
Ediksýra 3% (massi miðað við rúmmál)	Matvælahermir B
Etanól 20% (rúmmálshlutfall)	Matvælahermir C
Etanól 50 % (rúmmálshlutfall)	Matvælahermir D1
Jurtaolía (*)	Matvælahermir D2
pólý(2,6-dífenýl-p-fenýlenoxíð), kornastærð 60–80 mesh, opstærð 200 nm	Matvælahermir E

(*) Þetta má vera hvaða jurtaolía sem er með eftirfarandi fitusýrudreyfingu:

Fjöldi kolefnisatóma í fitusýrukeðju: Fjöldi tvítengja	6-12	14	16	18:0	18:1	18:2	18:3
Fitusýrusamsetning (svið), gefin upp í % (massahlutfall) af metýlestrum með gasgreiningu	< 1	< 1	1,5-20	< 7	15-85	5-70	< 1,5

2. Almenn flokkun á matvælaherfum fyrir matvæli

Matvælahermar A, B og C skulu notaðir fyrir matvæli sem eru með vatnssækna eiginleika og geta dregið út vatnssækin efni. Matvælahermir B skal notaður fyrir þau matvæli sem eru með pH-gildi undir 4.5. Matvælahermir C skal notaður fyrir matvæli, sem innihalda alkóhól með allt að 20% vinnandainnihaldi, og þau matvæli sem innihalda lífræn innihaldsefni í magni sem skiptir máli og gerir matvælin fitusæknari.

Matvælahermar D1 og D2 skulu notaðir fyrir matvæli sem eru fitusækin og geta dregið út fitusækin efni. Matvælahermir D1 skal notaður fyrir matvæli sem innihalda alkóhól með meira en 20% vinnandainnihaldi og fyrir olíu í vatnsýringum. Matvælahermir D2 skal notaður fyrir matvæli sem innihalda óbundin fituefni á yfirborðinu.

Matvælahermir E skal notaður við prófun á sértæku flæði yfir í þurr matvæli.

3. Sértæk flokkun á matvælaherfum fyrir matvæli vegna flæðiþrófunar á efniviði og hlutum sem hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli.

Við prófun á flæði frá efniviði og hlutum, sem hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli, skal velja matvælahermana sem samsvara tiltekinni matvælagrund samkvæmt töflu 2 hér á eftir.

Við prófun á heildarflæði úr efniviði og hlutum, sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli úr mismunandi matvælaflokkum eða samblandi af matvælaflokkum, gildir flokkunin á matvælaherfum í 4. lið.

Tafla 2 inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

- dálkur (tilvísunarnúmer): inniheldur tilvísunarnúmer matvælaflokksins.
- dálkur (lýsing á matvælum): inniheldur lýsingu á þeim matvælum sem falla í viðkomandi matvælaflokk
- dálkur (matvælahermar): inniheldur undirdálka fyrir hvern matvælahermi

Nota skal matvælaherminn sem er merktur með krossi í viðeigandi undirdálki 3. dálks þegar verið er að prófa flæði efnaviðar og hluta sem hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli.

Þegar um er að ræða matvælaflokka sem eru merktir með skástriki og tölustaf á eftir krossinum í undirdálki D2 skal deila í niðurstöðuna úr flæðiprófuninni með þessum tölustaf áður en niðurstaðan er borin saman við flæðimörkin. Viðkomandi tölustafur er leiðréttingarstuðullinn sem um getur í lið 4.2 í V. viðauka við þessa reglugerð.

Þegar um er að ræða matvælaflokkinn 01.04 kemur 95% etanól í stað matvælahermis D2.

Þegar um er að ræða matvælaflokka sem eru merktir með (*) á eftir krossinum í undirdálki B er heimilt að sleppa prófuninni í matvælahermi B ef pH-gildi matvællanna er meira en 4.5.

Þegar um er að ræða matvælaflokka sem eru merktir með (**) á eftir krossinum í undirdálki D2 er heimilt að sleppa prófuninni í matvælahermi D2 ef hægt er að sýna fram á, með viðeigandi prófun, að engin fita komist í snertingu við viðkomandi efnivið úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli.

Tafla 2

Sértæk flokkun á matvælaherfum eftir matvælaflokkum

1) Tilvísunarnúmer	2) Lýsing á matvælum	3) Matvælahermar					
		A	B	C	D1	D2	E
		01	Drykkjarvörur				
01.01	Óáfengir drykkir eða áfengir drykkir með 6% alkóhólstyrkleika eða minna, miðað við rúmmál: A. Tærir drykkir: Vatn, sítri, tærir ávaxta- eða grænmetissafar í eðlilegum styrkleika eða þykkir, ávaxtanektar, límonaði, síróp, bitterar, seyði, kaffi, te, bjórar, gosdrykkir, orkudrykkir o.þ.h., bragðbætt vatn, kaffikjarnalausn B. Ótærir drykkir: safar og nektarsafar og gosdrykkir sem innihalda aldinkjöt, must sem inniheldur aldinkjöt, fljótandi súkkulaði		X(*)	X			
01.02	Áfengir drykkir með alkóhólstyrkleika á bilinu 6 til 20%, miðað við rúmmál.			X			
01.03	Áfengir drykkir með alkóhólstyrkleika yfir 20% og allir rjómalíkjörar				X		
01.04	Ýmislegt: etanól, ekki eðlisbreytt		X(*)			95% etanól komi í staðinn	
02	Kornvörur, kornafurðir, sætabrauð, kex, kökur og aðrar brauðvörur						
02.01	Mjölvi						X
02.02	Óunnar, blásnar kornvörur í flögum (þ.m.t. poppkorn, kornflögur o.þ.h.)						X
02.03	Mjöl úr korni og gróft mjöl						X
02.04	Þurrkað pasta, t.d. makkarónur, spagettí og svipaðar vörur og ferskt pasta						X

1)	2)	3)					
		Matvælahermar					
		A	B	C	D1	D2	E
02.05	Þurrst sætabrauð, kex, kökur, brauð og aðrar þurrar brauðvörur: A. Með fituefni á yfirborðinu B. Annað					X/3	X
02.06	Nýbakað sætabrauð, kökur, brauð, deig og aðrar nýbakaðar brauðvörur: A. Með fituefni á yfirborðinu B. Annað					X/3	X
03	Súkkulaði, sykur og afurðir úr þeim Sælgæti						
03.01	Súkkulaði, súkkulaðihjúpaðar vörur, súkkulaðilíki og vörur hjúpaðar með súkkulaðilíki					X/3	
03.02	Sælgæti: A. Í föstu formi: I. Með fituefni á yfirborðinu II. Annað B. Í deigformi I. Með fituefni á yfirborðinu II. Rakar					X/3	X
03.03	Sykur og sykurvörur A. Í föstu formi: sem kristallar eða duft B. Melassi, sykursíróp, hunang o.þ.h.	X		X		X/2	X
04	Aldin, grænmeti og afurðir úr þeim						
04.01	Heil aldin, fersk eða kæld, ófleysjuð						
04.02	Unnin aldin: A. Þurrkuð eða vatnssneydd aldin, heil eða sneidd, í mjöl- eða duftformi B. Aldin í maukformi, niðursoðin aldin, aldin í formi þykkis eða í eigin safu eða í sykursírópi (sultur, ávaxtamauk og svipaðar vörur) C. Aldin sem eru varðveitt í legi: I. Í olíu II. Í alkóhólmiðli		X(*)	X		X	X
04.03	Hnetur (jarðhnetur, kastaníuhnetur, möndlur, heslihnetur, valhnetur, furuhnetur og aðrar tegundir): A. Skurnlausar, þurrkaðar, í flögum eða í duftformi B. Skurnlausar og ristaðar C. Í deig- eða kremformi	X				X	X

1) Tilvisunarnúmer	2) Lýsing á matvælum	3) Matvælahermar					
		A	B	C	D1	D2	E
		04.04	Heilt grænmeti, ferskt eða kælt, óflýsjað				
04.05	Unnið grænmeti:						
	A. Þurrkað eða vatnsneytt grænmeti í heilu lagi, í sneiðum eða steytt í mjöl eða duft			X			
	B. Ferskt grænmeti, flýsjað eða skorið	X					
	C. Grænmeti í maukformi, niðursoðið, í formi þykkis eða í eigin vökva (þ.m.t. pæklað og í saltlegi)	X(*)	X				
	D. Rotvarið grænmeti:						
	I.Í olíu	X		X			
	II.Í alkóhólmiðli		X				
05	Fitur og olíur						
05.01	Fitur og olíur úr dýra- og jurtaríkinu, einnig unnar (þ.m.t. kakósmjör, svínafeiti, hert smjör)			X			
05.02	Smjörliki, smjör og önnur fita og olíur búnar til með vatnsýringi í olíu			X/2			
06	Dýraafurðir og egg						
06.01	Fiskur:						
	A. Ferskur, kældur, unninn, saltaður eða reykur, þ.m.t. hrogn	X		X/3(**)			
	B. Fiskur, rotvarinn						
	I.Í olíu	X		X			
	II.Í vatnskenndum miðli	X(*)	X				
06.02	Krabbadýr og lindýr (þ.m.t. ostrur, kræklingar, sniglar)						
	A. Fersk með skel						
	B. Tekin úr skelinni, unnin, rotvarin eða elduð í skelinni						
	I.Í olíu	X		X			
	II.Í vatnskenndum miðli	X(*)	X				
06.03	Kjöt af öllum dýrategundum (þ.m.t. alifuglar og veiðidýr):						
	A. Ferskt, kælt, saltað, reykt	X		X/4(**)			
	B. Unnar kjötafurðir (t.d. skinka, salami, beikon, pylsur o.fl.) eða í mauk- eða kremformi	X		X/4(**)			
	C. Kryddlegnar kjötafurðir í olíu	X		X			
06.04	Kjöt, rotvarið:						
	A. Í fitu eða olíu	X		X/3			
	B. Í vatnskenndum miðli	X(*)	X				
06.05	Heil egg, eggjarauða, eggjahvita						
	A. Í duftformi eða þurrkuð eða frosin			X			
	B. Fljótandi og soðin		X				

1) Tilvísunarnúmer	2) Lýsing á matvælum	3) Matvælahermar					
		A	B	C	D1	D2	E
		07	Mjólkurvörur				
07.01	Mjólk						
	A. Mjólk og drykkir að stofni til úr mjólk, niðurseydd mjólk og undanrenna eða léttmjólk				X		
	B. Mjólkurduft, þ.m.t. ungbarnablanda (að stofni til úr nýmjólkurdufti)						X
07.02	Gerjuð mjólk, t.d. jógúrt, áfir og svipaðar vörur		X(*)		X		
07.03	Rjómi og sýrður rjómi		X(*)		X		
07.04	Ostar:						
	A. Heilir, með óætri skorpu						X
	B. Náttúrulegur ostur án skorpu eða með ætri skorpu (gouda, camembert o.þ.h.) og ostur sem bráðnar					X/3(**)	
	C. Bræddur ostur (mjúkur ostur, kotasæla o.þ.h.)		X(*)		X		
	D. Ostur, rotvarinn:						
	I.Í olíu	X				X	
	II.Í vatnskenndum miðli (feta, mozzarella o.þ.h.)		X(*)		X		
08	Ýmsar vörur						
08.01	Edik		X				
08.02	Steikt eða ristud matvæli:						
	A. Steiktar kartöflur, matvæli sem eru hjúpuð deigi og djúpsteikt o.þ.h.	X				X/5	
	B. Úr dýraríkinu	X				X/4	
08.03	Blöndur fyrir súpur, seyði og sósur í fljótandi, föstu eða duftformi, (kjarnar, seyði); jafnblönduð, samsett matvæli, tilbúnir réttir, þ.m.t. ger og lyftiefni						
	A. Í duftformi eða þurrkað:						
	I. Með eiginleika fitu					X/5	
	II. Annað						X
	B. Í hvaða formi sem er nema í duftformi eða þurrkað						
	I. Með eiginleika fitu	X	X(*)			X/3	
	II. Annað		X(*)	X			
08.04	Sósur:						
	A. Vatnskenndar		X(*)	X			
	B. Með eiginleika fitu, t.d. majónesi, sósur að stofni til úr majónesi, salatsósur og aðrar blöndur af olíu og vatni, t.d. sósur að stofni til úr kókoshnetum	X	X(*)				X
08.05	Sinnep (nema sinnep í duftformi, sem heyrir undir lið 08.14)	X	X(*)				X/3(**)

1) Tilvísunarnúmer	2) Lýsing á matvælum	3) Matvælahermar					
		A	B	C	D1	D2	E
08.06	Samlokur, ristað brauð, flatbökur o.þ.h. vörur sem innihalda hvers kyns matvæli: A. Með fituefni á yfirborðinu B. Annað	X				X/5	X
08.07	Rjómaís			X			
08.08	Þurrkuð matvæli: A. Með fituefni á yfirborðinu B. Annað					X/5	X
08.09	Fryst eða djúpfryst matvæli						X
08.10	Þykkir útdrættir með 6% alkóhólstyrkleika eða meira, miðað við rúmmál.		X(*)		X		
08.11	Kakó: A. Kakóduft, þ.m.t. fituskert og mjög fituskert B. Kakódeig					X/3	X
08.12	Kaffi, einnig brennt, koffínsneytt eða uppleysanlegt, kaffilíki, kornað eða í duftformi						X
08.13	Ilmandi kryddjurtir og aðrar kryddjurtir, t.d. kamilla, moskurós, mynta, te, lindiblóm o.fl.						X
08.14	Krydd og kryddblöndur í sinni náttúrulegu mynd, t.d. kanill, negull, sinnep í duftformi, pipar, vanilla, saffran, salt o.fl.						X
08.15	Krydd og kryddblöndur í olíu, t.d. pestósósa og karrímauk					X	

4. Flokkun á matvælaherfum til að prófa heildarflæði

Til að sýna fram á samræmi við heildarflæðimörk, að því er varðar allar tegundir matvæla, skal framkvæma prófun í eimuðu vatni eða vatni af sambærilegum gæðum eða í matvælahermi A og matvælahermi B og hermi D2.

Til að sýna fram á samræmi við heildarflæðimörk að því er varðar allar tegundir matvæla, að undanskildum súrum matvælum, skal framkvæma prófun í eimuðu vatni eða vatni af sambærilegum gæðum eða í matvælahermi A og matvælahermi D2.

Til að sýna fram á samræmi við heildarflæðimörk, að því er varðar öll vatnskennd matvæli, matvæli sem innihalda alkóhól, svo og mjólkurvörur, skal framkvæma prófun í matvælahermi D1.

Til að sýna fram á samræmi við heildarflæðimörk, að því er varðar öll vatnskennd og súr matvæli og matvæli sem innihalda alkóhól, svo og mjólkurvörur, skal framkvæma prófun í matvælahermi D1 og í matvælahermi B.

Til að sýna fram á samræmi við heildarflæðimörk, að því er varðar öll vatnskennd matvæli og matvæli sem innihalda alkóhól með allt að 20% vínandainnihaldi, skal framkvæma prófun í matvælahermi C.

Til að sýna fram á samræmi við heildarflæðimörk, að því er varðar öll vatnskennd og súr matvæli og matvæli sem innihalda alkóhól með allt að 20% vínandainnihaldi, skal framkvæma prófun í matvælahermi C og í matvælahermi B.

IV. VIÐAUKI

Samræmisyfirlýsing

Í skriflegu yfirlýsingunni, sem um getur í 15. gr., skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

- 1) heiti og heimilisfang rekstraraðilans sem gefur út samræmisyfirlýsinguna,
- 2) heiti og heimilisfang rekstraraðilans sem framleiðir eða flytur inn efnivið eða hluti úr plasti eða vörur úr millistigum framleiðsluferlisins eða efni sem ætluð eru til framleiðslu á þessum efniviði og hlutum,
- 3) auðkenni efniviðarins, hlutanna, vara af millistigum framleiðsluferlisins eða þeirra efna sem ætluð eru til framleiðslu á þessum efniviði og hlutum,
- 4) dagsetning yfirlýsingarinnar,
- 5) staðfesting á því að efniviðurinn eða hlutirnir úr plasti, vörur af millistigum framleiðsluferlisins eða efnin uppfylli viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 1935/2004,
- 6) nægar upplýsingar um efnin, sem eru notuð, eða niðurbrotsefni þeirra, sem falla undir takmarkanir og/eða forskriftir sem eru settar fram í I. og II. viðauka við þessa reglugerð, til að rekstraraðilar á síðari stigum ferlisins geti séð til þess að þessar takmarkanir séu virtar,
- 7) nægar upplýsingar um efni, sem eru háð takmörkunum í tengslum við matvæli, sem fást með tilraunagögnum eða fræðilegum útreikningum varðandi sértæk flæðimörk þeirra og, ef við á, hreinleikaskilyrði, í samræmi við tilskipanir 2008/60/EB, 95/45/EB og 2008/84/EB, til að gera notanda þessa efniviðar eða hluta kleift að fara að viðeigandi ákvæðum ESB eða, séu þau ekki fyrir hendi, að ákvæðum landslaga sem gilda um matvæli,
- 8) forskriftir fyrir notkun efniviðarins eða hlutarins, s.s.:
 - i. tegund eða tegundir matvæla sem þeim er ætlað að komast í snertingu við,
 - ii. tími og hitastig við meðferð og geymslu meðan efniviðurinn eða hlutirnir eru í snertingu við matvælin,
 - iii. hlutfallið, milli yfirborðsflatar í snertingu við matvæli og rúmmálsins, sem er notað til ákvarða hvort efniviðurinn eða hluturinn sé í samræmi við kröfurnar,
- 9) ef virkur tálmi er notaður í marglaga efnivið eða hlut úr plasti, staðfesting á því að efniviðurinn eða hluturinn sé í samræmi við kröfurnar í 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. eða 2. og 3. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

V. VIÐAUKI

SAMRÆMISPRÓFUN

Við prófun á því hvort farið sé að kröfum varðandi flæði úr efniviði og hlutum úr plasti, sem komast í snertingu við matvæli, gilda eftirfarandi almennar reglur.

1. KAFLI

Prófun á sértæku flæði úr efniviði og hlutum sem eru nú þegar í snertingu við matvæli

1.1. Undirbúningur sýnis

Geymslu á efniviðnum eða hlutum skal háttáð samkvæmt því sem tekið er fram á umbúðunum eða við skilyrði sem eru viðeigandi fyrir þökkuðu matvælin ef engar leiðbeiningar eru tilgreindar. Taka skal matvælin úr snertingu við efniviðinn eða hlutinn fyrir fyrningardagsetningu þeirra eða fyrir þá dagsetningu sem framleiðandi þeirra hefur tilgreint sem síðasta dag sem nota má vöruna m.t.t. gæða og öryggis.

1.2. Prófunarskilyrði

Matvælin skulu meðhöndluð í samræmi við eldunarleiðbeiningarnar á umbúðunum ef ætlast er til þess að matvælin séu elduð í umbúðunum. Hlutar matvælna, sem ekki eru ætlaðir til neyslu, skulu fjarlægðir og þeim fleygt. Það sem þá er eftir skal tekið til jafnblöndunar og flæðisgreiningar. Ávallt skal gefa upp niðurstöður greiningarinnar á grundvelli þess hluta matvælna sem er ætlaður til neyslu og er í snertingu við efniviðinn.

1.3. Greining á efnem sem hafa flætt

Sértækt flæði í matvælunum skal greint með greiningaraðferð sem er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

1.4. Sérstök tilvik

Þegar smitun berst frá öðrum upptökum en efniviði sem kemst í snertingu við matvæli skal taka tillit til þess við prófun á samræmi efniviðar, sem kemst í snertingu við matvæli, við kröfur, einkum að því er varðar þalöt (ESM-efni 157, 159, 283, 728, 729) sem um getur í I. viðauka.

2. KAFLI

Prófun á sértæku flæði úr efniviði og hlutum sem hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli

2.1. Sannprófunaraðferð

Sannprófun á því að flæði yfir í matvæli sé í samræmi við flæðimörkin skal fara fram við erfiðustu skilyrði, að því er varðar tíma og hitastig, sem eru fyrirsjáanleg við raunverulega notkun, að teknu tilliti til liða 1.4, 2.1.1, 2.1.6 og 2.1.7.

Sannprófun á því að flæði yfir í matvælaherma sé í samræmi við flæðimörkin skal fara fram með því að nota hefðbundnar flæðiþrófanir samkvæmt reglunum sem settar eru fram í liðum 2.1.1 til 2.1.7.

2.1.1. Undirbúningur sýnis

Meðhöndla skal efniviðinn eða hlutinn eins og lýst er í meðfylgjandi leiðbeiningum eða í ákvæðum samræmis-yfirlýsingarinnar.

Flæði er ákvarðað út frá efniviðnum eða hlutum ef unnt er, annars út frá sýni úr efniviðnum eða hlutum eða sýni sem er dæmigert fyrir efniviðinn eða hlutinn. Nota skal nýtt prófunarsýni fyrir hvern matvælaherma eða hverja matvælategund. Einungis þeir hlutar sýnisins, sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli við raunverulega notkun, skulu látnir snerta matvælaherminn eða matvælin.

2.1.2. *Val á matvælahermi*

Prófa skal efnivið og hluti, sem er ætlað að komast í snertingu við allar tegundir matvæla, með matvælaherminum A, B og D2. Ef ekki eru fyrir hendi nein efni sem gætu hvarfast með súrum matvælaherminum eða matvælum er þó heimilt að sleppa prófunum í matvælahermi B.

Prófa skal efnivið og hluti, sem eru einungis ætlaðir fyrir tiltekna tegundir matvæla, með þeim matvælaherminum sem eru tilgreindir fyrir matvælategundirnar í III. viðauka.

2.1.3. *Snertingarskilyrði við notkun matvælaherma*

Sýnið skal látið komast í snertingu við matvælaherminn þannig að það endurspegli verstu, fyrirsjáanlegu notkunarskilyrði að því er varðar snertingartíma, sbr. töflu 1, og að því er varðar hitastig við snertingu, sbr. 2. töflu.

Ef eðliseiginleikar prófunarsýnisins breytast eða annars konar breytingar koma fram í því þegar prófanir eru gerðar við samsetningu þeirra snertingarskilyrða, sem eru tilgreind í töflu 1 og 2, en koma ekki fram við verstu, fyrirsjáanlegu skilyrði við notkun efniviðarins eða hlutarins, sem er verið að rannsaka, skulu flæðiprófanir fara fram við verstu, fyrirsjáanlegu notkunarskilyrði þar sem þessar eðlissænu breytingar eða annars konar breytingar verða ekki.

Tafla 1

Snertingartími

Snertingartími við verstu, fyrirsjáanlegu aðstæður	Prófunartími
$t \leq 5$ mín.	5 mín.
5 mín. $< t \leq 0,5$ klukkustund	0,5 klukkustund
0,5 klukkustund $< t \leq 1$ klukkustund	1 klukkustund
1 klukkustund $< t \leq 2$ klukkustundir	2 klukkustundir
2 klukkustundir $< t \leq 6$ klukkustundir	6 klukkustundir
6 klukkustundir $< t \leq 24$ klukkustundir	24 klukkustundir
1 dagur $< t \leq 3$ dagar	3 dagar
3 dagar $< t \leq 30$ dagar	10 dagar
Yfir 30 dagar	Sjá sértæk skilyrði

Tafla 2

Hitastig við snertingu

Snertingarskilyrði við verstu, fyrirsjáanlegu notkunarskilyrði	Prófunarskilyrði
Hitastig við snertingu	Prófunarhitastig
$T \leq 5$ °C	5 °C
5 °C $< T \leq 20$ °C	20 °C
20 °C $< T \leq 40$ °C	40 °C
40 °C $< T \leq 70$ °C	70 °C
70 °C $< T \leq 100$ °C	100 °C eða bakstreymishitastig
100 °C $< T \leq 121$ °C	121 °C (*)
121 °C $< T \leq 130$ °C	130 °C (*)
130 °C $< T \leq 150$ °C	150 °C (*)
150 °C $< T < 175$ °C	175 °C (*)
$T > 175$ °C	Hitastig er lagað að raunverulega hitastiginu sem er á snertifletinum við matvælin (*)

(*) Þetta hitastig skal einungis nota fyrir matvælaherma D2 og E. Ef um er að ræða notkun við upphitun undir þrýstingi er heimilt að framkvæma flæðiprófun undir þrýstingi við viðeigandi hitastig. Þegar um er að ræða matvælaherma A, B, C eða D1 má prófun við 100 °C eða við bakstreymishita í allt að fjórfaldan þann tíma sem valinn er samkvæmt skilyrðunum í töflu 1, koma í stað prófunarinnar.

2.1.4. Sérstök skilyrði varðandi snertingartíma fyrir meira en 30 daga við stofuhita eða lægri hita

Í tilvikum þegar snertingartíminn er meira en 30 dagar við stofuhita eða lægri hita skal prófa sýnishornið með hröðunarprófi við aukinn hita í að mesta lagi 10 daga við 60 °C. Prófunartími og hitaskilyrði skulu byggjast á eftirfarandi formúlu:

$$t_2 = t_1 * \text{Exp}((-E_a/R) * (1/T_1 - 1/T_2))$$

E_a er óhagstæðasta, hugsanlega virkjunarorka, 80 kJ/mól

R er stuðull 8,31 J/kelvin/mól

$$\text{Exp} -9627 * (1/T_1 - 1/T_2)$$

t_1 er snertingartíminn

t_2 er prófunartíminn

T_1 er hitastigið við snertingu á kelvinkvarða. Við geymslu við stofuhita skal það vera 298 K (25 °C). Við kælingu og frýstingu skal það vera 278 K (5 °C).

T_2 er prófunarhitastigið á kelvinkvarða.

Prófun í 10 daga við 20 °C skal taka til allra geymslutíma við frýstingu.

Prófun í 10 daga við 40 °C skal taka til allra geymslutíma við kælingu og frýstingu, þ.m.t. hitun upp að 70 °C í allt að 2 klukkustundir eða hitun upp að 100 °C í allt að 15 mínútur.

Prófun í 10 daga við 50 °C skal taka til allra geymslutíma við kælingu og frýstingu, þ.m.t. hitun upp að 70 °C í allt að 2 klukkustundir eða hitun upp að 100 °C í allt að 15 mínútur, sem og allt að 6 mánaða geymslutíma við stofuhita.

Prófun í 10 daga við 60 °C skal taka til langtímageymslu, sem nemur lengri tíma en 6 mánuðum, við stofuhita og lægri hita, þ.m.t. hitun upp að 70 °C í allt að 2 klukkustundir eða hitun upp að 100 °C í allt að 15 mínútur.

Hámarkshitastig við prófun ræðst af fasabreytingartíma fjölliðunnar. Engin eðlisfræðileg breyting ætti að verða á prófunarsýninu við prófunarhitastigið.

Þegar um er að ræða geymslu við stofuhita er heimilt að stytta prófunartímann niður í 10 daga við 40 °C ef rannsóknaniðurstöður sýna að flæði viðkomandi efnis yfir í fjölliðuna hefur náð jafnvægi við þessi prófunarskilyrði.

2.1.5. Sértek skilyrði fyrir samsetningar mismunandi snertingartíma og hitastigs

Ef um er að ræða efnivið eða hlut sem er ætlaður til mismunandi nota sem fela í sér mismunandi samsetningar snertingartíma og hitastigs skal prófunin einskorðast við þau prófunarskilyrði sem talin eru ströngust samkvæmt rannsóknaniðurstöðum.

Ef efniviðnum eða hlutnum er ætlað að komast í snertingu við matvæli við notkun þar sem efniviðurinn eða hluturinn er hafður við tvær eða fleiri samsetningar tíma og hitastigs, hverja á eftir annari, skal flæðiprófunin gerð með þeim hætti að prófunarsýnið er prófað við öll verstu, fyrirsjáanlegu skilyrði, hvert á eftir öðru, sem eru viðeigandi fyrir sýnið og sami skammtur matvælahermis er notaður.

2.1.6. Margnota hlutir

Ef efniviðnum eða hlutnum er ætlað að komast aftur og aftur í snertingu við matvæli skal hver flæðiprófun gerð þrisvar sinnum á sama sýninu og í hvert skipti skal nota nýjan skammt af matvælaherminum. Hvort reglur um flæðimörkin hafi verið virtar í prófuninni skal kannað út frá því hve flæðið var mikið í þriðju prófuninni.

Liggja endanleg sönnun fyrir um að flæðimagnið aukist ekki í annarri og þriðju prófun og sé ekki farið yfir flæðimörkin í fyrstu prófuninni er ekki nauðsynlegt að endurtaka prófunina.

Þegar um er að ræða efni, sem merkt eru á þann hátt, í 8. dálki í töflu 1 í I. viðauka eða 3. dálki í töflu 2, að sértæk flæðimörk þeirra séu ekki greinanleg, og þegar um er að ræða efni sem eru á skrá og eru notuð utan við virkan plasttálma og falla undir reglur b-liðar 2. mgr. 13. gr. og mega ekki flæða í greinanlegu magni, skal efniviðurinn eða hluturinn vera innan sértæku flæðimarkanna strax við fyrstu prófun.

2.1.7. Greining á flæðandi efnunum

Við lok snertingartímans sem mælt er fyrir um skal, við greiningu á sértæka flæðinu í matvælunum eða matvælaherminum, notast við greiningaraðferð sem er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

2.1.8. Sannprófun á samræmi á grundvelli innihalds leifa miðað við yfirborðsflöt sem er í snertingu við matvæli (HMY)

Að því er varðar efni, sem eru óstöðug í matvælahermi eða matvælum eða sem engin viðunandi greiningaraðferð er til fyrir, er tilgreint í I. viðauka að sannprófun á samræmi skuli framkvæmd með sannprófun á innihaldi efnisleifa á hverjum 6 dm² af snertifleti. Að því er varðar efnivið og hluti með rúmtak á milli 500 ml og 10 l er raunverulegur snertiflötur notaður. Að því er varðar efnivið og hluti með rúmtak undir 500 ml og yfir 10 l, sem og fyrir hluti þar sem ógerlegt er að reikna út hversu stór raunverulegi snertiflöturinn er, skal gert ráð fyrir að snertiflöturinn sé 6 dm² á hvert kg af matvælum.

2.2. Skimunaraðferðir

Við skimun á því hvort efniviður eða hlutur sé í samræmi við flæðimörkin er heimilt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum sem taldar eru gefa hærrí gildi en sannprófunaraðferðin sem lýst er í lið 2.1.

2.2.1. Sértækt flæði látið koma í stað heildarflæðis

Við skimun á sértæku flæði órokkgjarnra efna er heimilt að ákvarða heildarflæðið við prófunarskilyrði sem eru a.m.k. jafnströng og þegar um sértækt flæði er að ræða.

2.2.2. Innihald efnisleifa

Við skimun á sértæku flæði er hægt að reikna út hugsanlegt magn flæðis á grundvelli innihalds leifa efnisins í viðkomandi efniviði eða hlut, sé gert ráð fyrir fullkomnu flæði.

2.2.3. Flæðilíkanagerð

Við skimun á sértæku flæði er hægt að reikna út hugsanlegt magn flæðis á grundvelli innihalds leifa efnisins í viðkomandi efniviði eða hlut með því að nota almennt viðurkennd flæðilíkon, byggð á rannsóknaniðurstöðum, sem eru hönnuð til að ofmeta raunverulegt flæði.

2.2.4. Staðgöngumatvælahermar

Við skimun á sértæku flæði geta staðgöngumatvælahermar komið í stað matvælaherma ef rannsóknaniðurstöður sýna að staðgöngumatvælahermar ofmeta flæði í samanburði við reglufesta matvælaherma.

3. KAFLI

Prófun á heildarflæði

Heildarflæðiþrófun skal fara fram við þau stöðluðu prófunarskilyrði sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

3.1. Stöðluð prófunarskilyrði

Prófun á heildarflæði fyrir efnivið og hluti, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli við þau skilyrði sem tilgreind eru í 3. dálki í töflu 3, skal fara fram eins lengi og tilgreint er og við það hitastig sem tilgreint er í 2. dálki. Hægt er að framkvæma prófunina OM5 annaðhvort í 2 klukkustundir við 100 °C (matvælahermir D2) eða við bakstreymi (matvælahermar A, B, C, D1) eða í 1 klukkustund við 121 °C. Velja skal matvælahermi í samræmi við III. viðauka.

Ef eðliseiginleikar sýnisins breytast eða annars konar breytingar koma fram í því, þegar prófanir eru gerðar við þau snertingarskilyrði sem eru tilgreind í 3. töflu, en koma ekki fram við verstu, fyrirsjáanlegu skilyrði við notkun efniviðarins eða hlutarins, sem er verið að rannsaka, skulu flæðiprófanirnar gerðar við verstu, fyrirsjáanlegu notkunarskilyrði þar sem þessar eðlissrænu breytingar eða annars konar breytingar verða ekki.

Tafla 3

Stöðluð prófunarskilyrði

1. dálkur	2. dálkur	3. dálkur
Númer prófunar	Snertingartími í dögum (d) eða klukkustundum (k) við snertingarhitastig, gefið upp í (°C)	Fyrirhuguð skilyrði við snertingu við matvæli
OM1	10 d við 20 °C	Öll snerting við frosin eða kæld matvæli.
OM2	10 d við 40 °C	Öll langtímageymsla við stofuhita eða lægri hita, þ.m.t. hitun upp að 70 °C í allt að 2 klukkustundir eða hitun upp að 100 °C í allt að 15 mínútur.
OM3	2 k við 70 °C	Öll snertingarskilyrði sem fela í sér hitun upp að 70 °C í allt að 2 klukkustundir eða upp að 100 °C í allt að 15 mínútur án eftirfarandi langtímageymslu við stofuhita eða kælingar.
OM4	1 k við 100 °C	Notkun við háan hita, allt að 100 °C, fyrir alla matvælaherma.
OM5	2 k við 100 °C eða við bakstreymi eða að öðrum kosti 1 k við 121 °C	Notkun við háan hita, allt að 121 °C
OM6	4 k við 100 °C eða við bakstreymi	Öll skilyrði við snertingu við matvæli sem fela í sér matvælaherma A, B eða C við hitastig sem er hærra en 40 °C.
OM7	2 k við 175 °C	Notkun við háan hita með fiturikum matvælum við skilyrði sem ganga lengra en samkvæmt OM5.

Prófun OM7 tekur einnig til skilyrða við snertingu við matvæli sem lýst er fyrir OM1, OM2, OM3, OM4 og OM5. Hún svarar til verstu hugsanlegu skilyrða fyrir fituríka matvælaherma í snertingu við önnur efni en pólýólefin. Ef ekki reynist tæknilega mögulegt að framkvæma OM7 með matvælahermi D2 er heimilt að nota aðra prófun í staðinn eins og kveðið er á um í lið 3.2.

Prófun OM6 tekur einnig til skilyrða við snertingu við matvæli sem lýst er fyrir OM1, OM2, OM3, OM4 og OM5. Hún svarar til verstu hugsanlegu skilyrða fyrir matvælaherma A, B og C í snertingu við önnur efni en pólýólefin.

Prófun OM5 tekur einnig til skilyrða við snertingu við matvæli sem lýst er fyrir OM1, OM2, OM3 og OM4. Hún svarar til verstu hugsanlegu skilyrða fyrir alla matvælaherma í snertingu við pólýólefin.

Prófun OM2 tekur einnig til skilyrða við snertingu við matvæli sem lýst er fyrir OM1 og OM3.

3.2. Staðgönguprófanir fyrir OM7 með matvælahermi D2

Ef ekki reynist tæknilega mögulegt að framkvæma OM7 með matvælahermi D2 er heimilt að nota prófun OM8 eða OM9 í staðinn. Gera skal prófun með nýju prófunarsýni við bæði prófunarskilyrðin sem lýst er fyrir hvora prófun um sig.

Númer prófunar	Prófunarskilyrði	Fyrirhuguð skilyrði við snertingu við matvæli	Tekur til þeirra fyrirhuguðu skilyrða við snertingu við matvæli sem lýst er í
OM8	Matvælahermir E í 2 klukkustundir við 175 °C og matvælahermir D2 í 2 klukkustundir við 100 °C	Eingöngu notkun við háan hita	OM1, OM3, OM4, OM5 og OM6
OM9	Matvælahermir E í 2 klukkustundir við 175 °C og matvælahermir D2 í 10 daga við 40 °C	Notkun við háan hita, þ.m.t. langtímageymsla við stofuhita	OM1, OM2, OM3, OM4, OM5 og OM6

3.3. Margnota hlutir

Þegar efniviði eða hlut er ætlað að komast aftur og aftur í snertingu við matvæli skal flæðiprófunin gerð þrisvar sinnum á sama sýninu og í hvert skipti skal notað nýtt sýni af matvælaherminum.

Hvort reglur um flæðimörkin hafi verið virtar í prófuninni skal kannað út frá því hve flæðið var mikið í þriðju prófuninni. Liggi endanleg sönnun fyrir um að flæðimagnið aukist ekki í annarri og þriðju prófun, og sé ekki farið yfir heildarflæðimörkin í fyrstu prófuninni, er þó ekki nauðsynlegt að endurtaka prófunina.

3.4. Skimunaraðferðir

Við skimun á því hvort efniviður eða hlutur sé í samræmi við flæðimörkin er heimilt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum sem taldar eru gefa hærra gildi en sannprófunaraðferðin sem lýst er í liðum 3.1 og 3.2.

3.4.1. Innihald efnisleifa

Við skimun á heildarflæði er hægt að reikna út hugsanlegt magn flæðis á grundvelli innihalds leifa efna, sem geta flætt, sem er ákvarðað í fullkomnum útdrætti úr efniviðnum eða hlutnum.

3.4.2. Staðgöngumatvælahermar

Við skimun á heildarflæði er heimilt að skipta út matvælaherfum ef rannsóknaniðurstöður sýna að staðgöngumatvælahermar ofmeta flæði í samanburði við reglufesta matvælaherma.

4. KAFLI

Leiðréttingarstuðlar sem beitt er við samanburð á niðurstöðum flæðiprófana og flæðimörkum

4.1. Leiðrétting á sértæku flæði yfir í matvæli, sem innihalda meira en 20% fitu, með því að nota fitulækkunarstuðul (FLS):

Að því er varðar fitusækin efni, sem tilgreint er í 7. dálki í I. viðauka að FLS gildi um, er heimilt að leiðrétta sértæka flæðið með FLS. FLS er ákvarðaður samkvæmt förmúlunni $FLS = (g \text{ af fitu í matvælum/kg af matvælum}/200 = (\% \text{ fita} \times 5)/100$.

Beita skal FLS samkvæmt eftirfarandi reglum.

Deila skal í niðurstöður flæðiprófunarinnar með FLS áður en þær eru bornar saman við flæðimörkin.

Leiðréttingin með fitulækkunarstuðli gildir ekki í eftirfarandi tilvikum:

- a) þegar efniviðurinn eða hluturinn er nú þegar í snertingu við matvæli fyrir ungbörn og smábörn, samkvæmt skilgreiningu í tilskipunum 2006/141/EB og 2006/125/EB, eða er ætlað að komast í snertingu við slík matvæli,
- b) þegar um er að ræða þannig efnivið og hluti að ógerlegt er að meta tengslin milli yfirborðsflatar og magns matvæla sem eru í snertingu við hann, t.d. vegna lögunar eða notkunar, og flæðið er reiknað með því að nota hefðbundna breytistuðulinn 6 dm²/kg fyrir hlutfall yfirborðs og rúmmáls.

Notkun fitulækkunarstuðulsins skal ekki hafa þau áhrif að sértækt flæði fari yfir heildarflæðimörkin.

4.2. **Leiðrétting á flæði yfir í matvælahermi D2:**

Þegar um er að ræða matvælaflokka sem eru merktir með tölustaf á eftir krossinum í undirdálki D2 í 3. dálki töflu 2 í III. viðauka skal deila í niðurstöðuna úr prófuninni á flæðinu yfir í matvælahermi D2 með þessum tölustaf.

Deila skal í niðurstöður flæðiprófunarinnar með leiðréttingarstuðlinum áður en þær eru bornar saman við flæðimörkin.

Leiðréttingin á hvorki við um sértækt flæði fyrir efni í skrá Evrópusambandsins í I. viðauka, sem í 8. dálki falla undir sértæku flæðimörkin „ekki greinanleg“, né fyrir efni sem eru ekki í skránni, eru notuð utan við virkan plasttálma, sem fellur undir reglur b-liðar 2. mgr. 13. gr., og mega ekki flæða í greinanlegu magni.

4.3. **Sambland af leiðréttingarstuðlunum 4.1 og 4.2.**

Þegar um er að ræða flæði efna sem FLS gildir um er heimilt að sameina leiðréttingarstuðlana sem lýst er í 4.1 og 4.2, þegar prófunin er framkvæmd í matvælahermi D2, með því að margfalda báða stuðlana. Hámarksstuðullinn, sem notaður er, má ekki fara yfir 5.

VI. VIÐAUKI

Samsvörunartöflur

Tilskipun 2002/72/EB	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. gr.
2., 3. og 4. mgr. 1. gr.	2. gr.
1. gr a	3. gr.
1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 5. gr.	5. gr.
4. gr. (2. mgr.), 4. gr. a (1. og 4. mgr.), 4. gr. d, II. viðauki (2. og 3. liður) og III. viðauki (2. og 3. liður)	6. gr.
3. og 6. mgr. 4. gr. a	7. gr.
4. liður II. viðauka og 4. liður III. viðauka	8. gr.
1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr.	9. gr.
6. gr.	10. gr.
1 mgr. 5. gr. a og 8. liður I. viðauka	11. gr.
2. gr.	12. gr.
7. gr. a	13. gr.
1. og 2. mgr. 9. gr.	15. gr.
3. mgr. 9. gr.	16. gr.
7 gr. og 5. liður a í I. viðauka	17. gr.
8. gr.	18. gr.
3. liður II. viðauka og 3. liður III. viðauka	19. gr.
I. viðauki, II. viðauki, IV. viðauki, IV. viðauki a, B-hluti V. viðauka og VI. viðauki	I. viðauki
2. liður II. viðauka, 2. liður III. viðauka og A-hluti V. viðauka	II. viðauki
5. mgr. 8. gr. og VI. viðauki a	IV. viðauki
I. viðauki	V. viðauki
Tilskipun 93/8/EBE	Þessi reglugerð
1. gr.	11. gr.
1. gr.	12. gr.
1. gr.	18. gr.
Viðauki	III. viðauki
Viðauki	V. viðauki
Tilskipun 97/48/EB	Þessi reglugerð
Viðauki	III. viðauki
Viðauki	V. viðauki